

## Opið bréf til íbúa Þingeyjarsveitar

Eins og fram kemur í bókun sveitarstjórnar frá 16. okt. s.l. hefur sveitarstjórn samþykkt að ganga til samninga við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um að framkvæma skoðanakönnun meðal kosningabærra manna í sveitarfélaginu um fyrirkomulag grunnskólastigs Þingeyjarskóla. Þar með verður breyting á stefnu A listans um íbúakosningu eins og talað var um fyrir kosningar.

Ástæður fyrir þessari stefnubreytingu eru nokkrar og skulu þær tíundaðar hér.

Í kosningabaráttunni og í sumar hafa þær raddir heyrst að íbúakosningar, með því formi sem stefnt var að, standist ekki sveitarstjórnarlög eða í besta falli séu á gráu svæði hvað þau varðar. Meirihluti sveitarstjórnar hlustar og leggur áherslu á að vanda til verka í jafn viðamiklu og viðkvæmu máli. Því var ákveðið að leita til Guðjóns Bragasonar sviðsstjóra lögræði- og velferðarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga. Það er hans mat að íbúakosningar eins og fyrirhugaðar voru gætu skapað lögfræðilega óvissu eins og segir í bréfi frá honum:

„Minn skilningur á 107. gr. sveitarstjórnarlaga er að íbúakosning nái til allra kosningarbærra íbúa sveitarfélagsins, þótt ég vilji ekki alveg útiloka aðrar útfærslur. Mér þykir við hæfi að minna á að ákvarðanir um breytingar á skólahaldi snúa ekki eingöngu að hagsmunum nemenda og foreldra þeirra, auk hagsmuna starfsfólks skólanna og t.d. verktaka sem sinna skólaakstri. Þessi mál snúast að jafnaði líka um fjárhagslega hagsmuni sveitarfélagsins og þar með allra íbúa þess. Ef hugmyndin er sú að einungis hluti íbúa fái að taka þátt í íbúakosningu er því ákveðin hætta á því að einhverjir íbúar kæri slíka ákvörðun. [...]mögulega myndi vönduð skoðanakönnun um málið leiða fram skýrari afstöðu til málsins heldur en íbúakosning. Í skoðanakönnun gæti líka verið betri möguleiki að greina afstöðu íbúa sveitarfélagsins eftir búsetu og væri líklega aðferðafræðilega ekkert því til fyrirstöðu að allir íbúar á ákveðnu aldursbili geti verið í úrtaki“

Eins átti oddviti fund með Ólafi Hjörleifssyni lögfræðingi í Innanríkisráðuneytinu og sjónarmið hans voru þau sömu og hjá Guðjóni.

Það er sannfæring fulltrúa meirihlutans í sveitarstjórn að versta hugsanlega niðurstaða í þessu máli væri að það yrði viðfangsefni lögfræðitúlkana og kærumála. Því finnst okkur rétt að hlíta ráðum

þessara manna og efna til skoðanakönnunar í sveitarfélaginu. Gengið er út frá því að þrátt fyrir að könnunin nái til allra kjörgengra íbúa sveitarfélagsins þá verði skilgreint hvert viðhorfið er á skólasvæði Þingeyjarskóla eins og stefnt var að með íbúakosningunni. Það var alltaf megin markmið að leita eftir sjónarmiðum íbúa á skólasvæði Þingeyjarskóla og verður það gert með þessum hætti.

Á fyrrnefndum sveitarstjórnarfundum var auk þess samþykkt að boða til íbúafundar 28. október n.k. Á þeim fundi munu þeir Haraldur Lindal Haraldsson, Ingvar Sigurgeirsson og Bjarni Þór Ólafsson fylgja úr hlaði greinargerðum sem þeir hafa unnið um starfsemi Þingeyjarskóla og svara fyrirspurnum. Eins mun Guðjón Bragason lögfræðingur mæta á fundinn.

Í tengslum við fundinn verða greinargerðirnar aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins og hálfum mánuði síðar mun Félagsvísindastofnun framkvæma skoðanakönnunina í gegnum síma. Úrvinnsla könnunarinnar ætti að vera lokið í síðasta lagi um mánaðamótin nóvember desember og í framhaldi af því tekur sveitarstjórn ákvörðun um fyrirkomulag á starfi Þingeyjarskóla frá og með næsta skólaári, það er frá 1. ágúst 2015. Þetta er ferlið eins og það liggur fyrir og við væntum að meiri upplýsingar leiði til aukins skilnings og samstöðu í þessu viðkvæma máli. Sveitarstjórn hefur ákveðið að þar sem verið er að framkvæma skoðanakönnun í sveitarfélaginu sé rétt að nota tækifærið og kanna hug íbúanna til ljósleiðaravæðingar. Því munu í könnuninni verða nokkrar spurningar sem tengjast lagningu ljósleiðara um sveitarfélagið.

Af því tilefni er rétt að upplýsa kosti þess að leggja ljósleiðar um sveitarfélagið.

Við könnumst flest við annmarka þeirra fjarskipta sem okkur er boðið uppá í dag. Okkur er t.d. ekki boðið uppá nema lítinn hluta þeirra sjónvarps- og útvarpsstöðva sem flestir landsmenn njóta, það mun gjörbreytast með tilkomu ljósleiðara sem og allar tölutengingar og önnur vinnsla. Ljósleiðari er besta mögulega nettenging sem völ er á og mun breyta verulega aðstæðum til atvinnuuppbyggingar og náms.

Með ósk um gott og málefnalegt samstarf í þessum stóru hagsmunamálum sveitarfélagsins

Fyrir hönd fulltrúa A-lista  
Arnór Benónýsson oddviti



## Fótsnyrting fyrir 67 ára og eldri í Aðaldal.

Að þessu sinni mun Kvenfélagið í Aðaldal standa fyrir og greiða niður um 50% fyrir hvern einstakling. Þeir sem vilja nýta sér þessa þjónustu greiða afganginn við komu.

Staður: Hafraðlækjarskóli 1.nóvember.

Skráning í síma 8988395  
Þórdís fyrir fimmtudagskvöld 30. Okt.

**Att þú ekki erindi við  
Vaxtarsamning Norðausturlands?**

Erstu með hugmynd að verkefni sem eflir atvinnulíf og búsetuskilyrði á starfssvæðinu?

**Næsti umsóknarfrestur til VAXNA er föstudaginn 7. nóvember nk.**  
Síðasti umsóknarfrestur ársins 2014 verður svo föstudaginn 5. desember.  
Gert er ráð fyrir að afgreiðsla umsókna liggja fyrir um 10 dögum eftir umsóknarfrest.

Umsóknargögn má finna á vefsíðunni [www.atthing.is](http://www.atthing.is) og starfsmenn atvinnuþróunarfélagsins veita upplýsingar og aðstoð við gerð umsókna.

Kynntu þér málið og hafðu samband!  
Ari Páll, Jóna og Reinhard

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga • Garðarsbraut 5, Húsavík • sími 464-0415

Á fundi sveitarstjórnar þann 3. júlí s.l. samþykkti sveitarstjórn að ganga til samninga við HLH ehf. um rekstur og framtíðarskipulag Þingeyjarskóla, Ráðbarð sf. um viðhalds- og rýmisþörf Þingeyjarskóla og við Skólastofuna slf. um skólaskipan Þingeyjarskóla. Vinna fyrrgreindra aðila er á lokastigi og stefnt er að skýrslur þeirra verði kynntar íbúum á íbúafundi.

*Samþykkt að halda íbúafund vegna skólamála Þingeyjarskóla í Ýdölum þriðjudaginn 28. október kl. 20:30 þar sem skýrsluhöfundar munu m.a. gera grein fyrir skýrslunum, vinnu og niðurstöðum. Sveitarstjóra falið að sjá um skipulagningu fundarins.*

### 5. Verkefnistillaga frá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

Tekin til umræðu verkefnistillaga frá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vegna skoðanakönnunar í sveitarfélaginu um skólamál og ljósleiðaravæðingu. Áætlað er að könnunin verði unnin um miðjan nóvember. Kostnaður við framkvæmdina verður kr. 700 þús.

*T-listi lagði fram tillögu um að málinu yrði frestað og vísað að til Atvinnuálanefndar og Fræðslunefndar sem og frekari umræðu í sveitarstjórn.*

*A-listi lagði fram tillögu um að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands á grundvelli verkefnistillögunnar og samþykkir kr. 700 þús. sem viðauka við fjárhagsáætlun 2014 sem mætt verður með handbæru fé.*

Oddviti bar tillögurnar upp til atkvæðagreiðslu.  
Tillaga T-lista felld með fimm atkvæðum gegn tveimur.  
Tillaga A-lista samþykkt með fimm atkvæðum gegn tveimur.

T- listinn lagði fram eftirfarandi bókun:

*„Við fulltrúar T- lista teljum málið ekki nægilega rætt í sveitarstjórn og að gengið sé fram hjá fagnefndum sveitarfélagsins í þessu máli og greiðum þess vegna atkvæði gegn tillögu A- lista um afgreiðslu málsins.“*

### Lagt fram til kynningar:

- Fundargerð 819. og 820. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga ehf. frá 29.09.2014
- Ályktun frá Skógræktarfélagi Íslands
- Ályktun frá Félagi tónlistarskólakennara

Fleira ekki gert og fundi slitið 15:25



**Fundargerð  
Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar  
16.10.2014**

155.

**fundur  
sveitarstjórnar Pingeyjarsveitar  
haldinn í Kjarna fimmtudaginn 16. október kl. 13:00**

**Fundinn sátu:**

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Nanna Þórhallsdóttir í forföllum Árna Péturs Hilmarssonar, Sigurður Hlynur Snæbjörnsson og Ragnar Bjarnason.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að bæta á dagskrá undir 1. lið; Endurnýjun á rekstrarleyfi – Árbót og aðrir liðir færast neðar á dagskrá sem því nemur.

*Samþykkt samhljóða.*

**Dagskrá:**

1. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Árbót
2. Hluthafafundur Norðurorku hf.
3. Starfshættir í sveitarstjórn
4. Íbúafundur
5. Verkefnistillaga frá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

**1. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Árbót**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags. 15. október s.l. þar sem Hákon Gunnarsson f.h. Bragabótar ehf. sækir um endurnýjun á rekstrarleyfi til sölu gistingar í Árbót í Aðaldal.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við endurnýjun rekstrarleyfisins fyrir sitt leyti.*

**2. Hluthafafundur Norðurorku hf.**

Lagt fram fundarboð á hluthafafund í Norðurorku hf. sem haldinn verður þann 20. október n.k. á Akureyri.

*Samþykkt að sveitarstjóri fari með umboð Pingeyjarsveitar á fundinum.*

**3. Starfshættir í sveitarstjórn**

Starfshættir í sveitarstjórn teknir til umræðu.

*Það er vilji allra sveitarstjórnarmanna að samstarfið í sveitarstjórn sé gott þannig að sem bestur árangur náist fyrir samfélagið í heild sinni. Lykill að því er traust og samstarf manna í millum sem sveitarstjórn er einhuga um að stefna að. Það er sýn sveitarstjórnar að stjórnsvísan eigi að vera eins opin og gegnsæ og kostur er og það sé hlutarverk sveitarstjórnar að upplýsa íbúa um málefni sem fyrir liggja hverju sinni.*

**4. Íbúafundur**



**Íbúafundur í Pingeyjarsveit**

Opinn íbúafundur vegna framtíðarskipulags  
Pingeyjarskóla verður haldinn  
Í Ýdölum þriðjudaginn 28. október kl. 20:30

Á fundinum verður fjallað um skýrslur eftirfarandi aðila sem sveitarstjórn gekk til samninga við um framtíðarskipulag Pingeyjarskóla og liggja nú fyrir:

HLH ehf., Haraldur Lindal Haraldsson, um rekstur og framtíðarskipulag Pingeyjarskóla.

Ráðbarður sf., Bjarni Þór Einarsson, um viðhalds- og rýmispörf Pingeyjarskóla.

Skólastofan slf., Ingvar Sigurgeirsson, um skólaskipan Pingeyjarskóla.

Skýrsluhöfundar munu gera grein fyrir skýrslum sínum, vinnu og niðurstöðum og í framhaldinu verða fyrirspurnir og umræður. Þá munu kjörnir fulltrúar í sveitarstjórn einnig sitja fyrir svörum ásamt Guðjóni Bragasyni sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga. Vakin er athygli á því að skýrslurnar eru nú aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins á forsiðu þess. Íbúar eru hvattir til þess að kynna sér skýrslurnar sem og að mæta á fundinn.

Sveitarstjóri

**ATH! Breyttar dagsetningar**



Nú er komið að söfnun á baggplast og eingöngu er tekið á móti hreinplast en dagarnir eru eftirfarandi :

**3/11**

Aðaldalur - Bárðardalur - Reykjadalur + gámar

**4/11**

Kinn - Ljósavatnsskarð - Fnjóskadalur + gámar

**5/11**

Mývatnssveit + gámar og það sem stendur útaf



**Sýning safnaranna**

Sýningaropnun í Safnahúsinu á Húsavík sunnudaginn 26. október klukkan 14:00

Sýning á tíu einkasöfnum, hvert öðru skemmtilegra.

Sýning sem gleður augað og kitlar safnarann, flokkarann og raðarann í okkur öllum.

Eitthvað fyrir alla: þingeykskir bílar, kók munasafn, bjórmiðar, þennar, spil, seðlar, mynt, sumarkort, kveikjarar og peningaveski.

Sýningin stendur frá 26. okt.-23. nóv.

Opnunardaginn verður opið frá 14-17, heitt á könnunni, allir hjartanlega velkomnir

Athugið að frítt er inn á sérsýningar í Safnahúsinu.

42.tbl.  
23. október  
2014  
21. árg.

# Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



## Íbúar Þingeyjarsveitar

Oddviti sveitarstjórnar, Arnór Benónýsson verður með viðtalstíma í Kjarna n.k. mánudag 27. október milli kl. 11:00 og 12:00.

Á þessum tíma svarar oddviti einnig síma og tölvupósti eftir því sem kostur er.

Sími oddvita er 661 6292 og netfang [arnor@thingeyjarsveit.is](mailto:arnor@thingeyjarsveit.is)

Sveitarstjóri



## Dansæfing



Fyrsta dansæfingar haustsins verður í Ljósvefningabúð föstudagskvöldið 31. október frá kl.20:30-22:30. Allir hjartanlega velkomnir Miðaverði 500 kr

Stjórnin